

Til: Heilbrigðiseftirlit Vesturland  
Efni: Greinargerð vegna ÓB Stykkishólms

Kröfur: Sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, skal fylgja umsókninni, eftir því sem við á, lýsing á eftirfarandi atriðum vegna mengunarhluta starfseminnar:

---

### 1. Stöðinni og starfsemi hennar.

Um er að ræða hefðbundna ÓB sjálfsafgreiðslustöð Olís með eldsneyti. Neyðarsími er skráður á dæurnar og er svarað í hann allan sólarhringinn. Þær eldsneytistegundir sem seldar eru á staðnum eru: 95 okt bensín og dísel. Þjónustu- og viðhaldsaðili er Olíudreifing. Þeir sjá einnig um áfyllingar á eldsneyti.

### 2. Hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd í stöðinni.

Þau hráefni sem eru til sölu á stöðinni eru: 95 okt bensín, dísel og dísel litur. Á staðnum eru þrjár eldsneytisdætur. Sú orka sem er notuð er rafmagn. Í töflu 1 má sjá hráefnin sem til sölu eru og magn sölu yfir árið 2022 sem af er.

Tafla 1	
Hráefni	Magn lítra selt 2022
95 okt bensín	289.862
Dísel	442.424
Dísel litur	31.638

### 3. Upptökum losunar í stöðinni.

Losun frá stöðinni er meðal annars það gas sem myndast við áfyllingu á geyma og við dælingu á bíla. Það gas sem myndast við áfyllingu er tekið til baka inn í áfyllibíl. Ekki er um slíkt að ræða við áfyllingu á bíla. Athuga að eingöngu er um að ræða gas frá bensíni, ekki gerð krafa um slíkt frá dísel.

Losun frá dælu/áfylliplani fer í olíuskilju.

#### 4. Staðhættum við stöðina.

Stöðin er staðsett við Aðalgötu 25, Stykkishólmi. Á lóðinni er rekstraraðili með veitingarekstur ótengdum Olís.



#### 5. Eftir atvikum skýrslu um grunnástand í samræmi við 2. mgr. 15 gr.,

Eftir skoðun undirritaðs þá er ekki sjáanleg hættu af stöðinni vegna vatnsverndarsvæða. Má endilega leiðrétta ef rangt er með farið.

#### 6. Eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreining á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið.

Erfitt er meta mögulegt magn olíu sem gæti farið niður á afgreiðsluþlan. Mögulega gæti farið niður af einum bíl en olíuskilja tekur við því. Í lið 3. er talað um það gas sem myndast við ádælingu.

#### 7. Áformaðri tækni og öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða, ef það tekst ekki, draga úr losun frá stöðinni.

Til varnar mengun eru ýmsar ráðstafanir. Meðal annars er afgreiðsluþlan steipt með niðurföllum sem liggja í olíuskilju. Dæla er staðsett á 10 cm upphækkun með árekstrarvörnum til beggja enda.

Á staðnum er sjálfvirk tankamæling sem skilar upplýsingum rafrænt til skrifstofu. Með því fyrirkomulagi er í raun sólarhringseftirlit með mögulegri rýrnun/leka á eldsneyti. Mikil framför frá þeirri mánaðarlegu mælingu sem var gerð áður fyrr. Gerð er mánaðarleg skýrsla á öllum sölustöðum Olís um niðurstöðu á rýrnunareftirliti sem er svo safnað í árlega skýrslu.

Tankar voru endurnýjaðir 2015 og settir tvöfaldir tankar frá CGH. Þar er ekkert sem bendir til að um rýrnun/leka sé að ræða í tönkum. Að neðan má sjá upplýsingar úr þeirri árlegu skýrslu sem var gerð fyrir ÓB Stykkishólmi það sem af er árið 2022.

Ár	2022			
Row Labels	Tegund	Sala (magn)	Aukning - Minnkun (magn)	Rýrnun (%)
ÓB Stykkishólmi	Dísel	442.424	-765	-0,17%
ÓB Stykkishólmi	Bensín 95	289.862	-1.390	-0,47%
ÓB Stykkishólmi	Dísel litur	31.638	-534	-1,67%

Dagleg umsjón með dælum er í höndum rekstraraðila veitingastaðar.

Á staðnum eru þrír tvöfaldir stálgeymar, sjá töflu. Sjá í viðhengi frágang á þeim. Vöktunarbúnaður er á tvöföldun geymis.

Staður	Stærð geymis	Smíðaeefni	Lekavörn	Smíðaár	Framleiðandi
ÓB Stykkishólmi	40.000 Lítrar	Stál	Tvöföldun	2013	CGH
	40.000 Lítrar	Stál	Tvöföldun	2013	CGH
	10.000 Lítrar	Stál	Tvöföldun	2013	CGH

8. Fyrirbyggjandi ráðstöfunum, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast í stöðinni.

EKKI er neinn úrgangur frá stöðinni sem gæti fallið undir þetta ákvæði.

9. Frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr.

Í júní 2022 var skrifað undir nýjan þjónustusamning við Olíudreifingu um öflugri viðhalds- og eftirlitskerfi með tíðari föstum ferðum á stöðina sem og aðrar stöðvar.

10. Ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið.

Olís ehf

Dags: 10.5.2023

Umsjónarmaður ÓB kemur í daglegar ferðir á stöðina. Tankamælingakerfi var sett til að auka vægi rýrnunar- og lekaeftirlits. Í töflu hér að neðan má sjá upplýsingar úr vöktunarkerfinu með stöðuna í geymum.

Location	Timestamp	Tank	Product	Tank size	Stock
ÓB Stykkishólmur	16.5.2023 10:44:47	1	Bensin OB		11.129,10
ÓB Stykkishólmur	16.5.2023 10:44:47	2	Diesel OB		29.832,08
ÓB Stykkishólmur	16.5.2023 10:44:47	3	Diesel lituð		5.288,91

11. Helstu valkostum, sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað áformaðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi yfirlits.

Olís er sífellt í leitun að betri vinnubrögðum hvað varðar eftirlit og umsjón með stöðvum sínum. Með tilkomu nýs þjónustusamnings er verið að auka tíðni eftirlits og prófana á eftirlitsbúnaði, auka viðhaldsþjónusta með bættri skráningu á niðurstöðum eftirlits.

Virðingarfyllst: Örn Franzson

Forstöðumaður Framkvæmdadeildar Olís

Viðhengi:

- Grunnmynd, lagnir, geyma og olíuskiljur.